


DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2004 föstudaginn 10. desember er fyrir tekið mál nr. 1/2004 af Bergþóru Sigmundsdóttur dómsformanni Dómstóls HSÍ í skrifstofu HSÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og kveðinn upp dómur: 

Kærur handknattleiksdeildar Fram, kt. 520684-0189, Safamýri 26, Reykjavík, og móttækna voru á skrifstofu HSÍ þann 1. og 8. desember 2005, þingskjöl nr. 1 og nr. 2, á úrskurð Aganefndar Handknattleikssambands Íslands frá 30. nóvember og ákvörðun hennar frá 7. desember 2004, um að brot Ingólfs Axelssonar, leikmanns handknattleiksdeildar Fram, (hér eftir nefnt Fram), í lok leiks Þórs, Akureyri og Fram þann 27. nóvember 2004, varði 10 refsistigum og því hafi leikmaðurinn hlotið fjögurra leikja bann.

Dómsformaður ákeður að hún muni fara með mál þetta.

Málsatvik:

Þegar leiktími leiks Þórs, Akureyri og Fram þann 27. nóvember 2004 var að renna út var Ingólfi Axelssyni, leikmanni Fram, sýnt rauða spjaldið. Í kæru Fram kemur fram að hann hafi brugðist illa við og látið nokkur ljót orð falla í garð dómara. Þá hafi komið til deilna milli leikmannsins og áhorfenda, auk þess sem einn leikmaður Þórs hafi tekið hressilega á Ingólfi.

Aganefnd HSÍ úrskurðaði á fundi sínum þann 30. nóvember 2004, Ingólf í fjögurra leikja bann. Aganefnd HSÍ endurupptók málið að beiðni Fram á fundi sínum þann 7. desember 2004, og komst að sömu niðurstöðu og þann 30. nóvember 2004 og vísaði til 8:7 í leikreglum HSÍ og 9.5 í reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ og tók leikbannið gildi 2. desember 2004.

Kærur handknattleiksdeildar Fram byggjast á því í fyrsta lagi að Aganefnd HSÍ hafi verið ólöglega skipuð og úrskurður hennar því marklaus og í öðru lagi að úrskurðurinn hafi verið allt of strangur miðað við efni máls og að brot leikmannsins eigi í mesta lagi að teljast til 5 refsistiga.

Kærur Fram bærust Handknattleikssambandi Íslands, 1. og 8. desember 2004.

Niðurstaða:

Samkvæmt 5. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ skal dómari sem fær mál til meðferðar án tafar senda varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu, ásamt afriti af kærinni. Samkvæmt 7. tl. sömu gr. skal dómari boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Aðilar máls þessa, handknattleiksdeild Fram og Aganefnd HSÍ, hafa lagt fram þau gögn sem til þarf til að unnt sé að kveða upp dóm í máli þessu. Málsatvik eru ljós.

Ekki er því talin nauðsyn á að senda Aganefnd HSÍ kærur handknattleiksdeildar Fram.

Samkvæmt gr. 9.2 í Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ, skal aganefnd fjalla um brot leikmanna og starfsmanna liðs á skýrslu í mótum á vegum HSÍ, áhorfenda og forystumanna félaga. Úrskurður skal lagður á mál á grundvelli atvikalýsingar í skýrslu dómara eða eftirlitsmanns, sbr. gr. 9.11.

Ljóst er að aganefnd bar að fjalla um brot leikmanns handknattleiksdeildar Fram, Ingólfs Axelssonar, og fer því ekki út fyrir verksvið sitt með umræddum ákvörðunum.

Samkvæmt gr. 9.3 í framangreindri reglugerð er heimilt að áfrýja til Dómstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 12 mánuði.

Dómstóllinn telur aganefnd ekki hafa farið út fyrir verksvið sitt með úrskurði sínum þann 30. nóvember 2004 og ákvörðun sinni þann 7. desember 2004. Leikmaðurinn fékk fjögurra leikja bann og fellur úrskurðurinn því ekki undir ákvæði gr. 9.3. Úrskurður aganefndar í þessu tilviki er því fullnaðarúrskurður og er ekki unnt að áfrýja honum til Dómstóls HSÍ.

D Ó M S O R Ð:

Kærum handknattleiksdeildar Fram á úrskurð og ákvörðun Aganefndar HSÍ, um að Ingólfur Axelsson, leikmaður Fram, skuli sæta fjögurra leikja leikbanni, er vísað frá Dómstóli HSÍ.


Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður (sign)